

49. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 4. mars 2016 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Róbert Ragnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Ásgeir Eiríksson, Guðmundur Pétursson, Berglind Kristinsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Púriður Aradóttir, Jóhan D. Jónsson, og Eggert Sólberg Jónsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynning á þjónustukjarna við Rósaseltjörn – Gestur: Skúli Skúlason
2. Húsnæðismál Heklunnar.
3. Markaðsstofa Reykjanes- Markaðsstofur Landshlutanna, hlutverk og framtíðarsýn.
4. Samantekt vegna vinnustofu á vesturströnd USA.
5. Ímyndarverkefni – staða.
6. Fundur með fyrirtækjum á flugstöðvarvæði – niðurstaða.
7. Atvinnuleysistöður.
8. Veiting viðurkenninga.

1. Kynning á þjónustukjarna við Rósaseltjörn – Gestur: Skúli Skúlason

Á fundinn mætti Skúli Skúlason stjórnarformaður Samkaupa og kynnti þjónustukjarna sem fyrirhugað er að rísi í landi Sveitarfélagsins Garðs við Rósaseltorg.

2. Húsnæðismál Heklunnar.

Lagt var fyrir fundinn minnisblað um húsnæðismál Heklunnar. Framkvæmdastjórum Heklunnar og Kadeco falið að vinna málið áfram.

3. Markaðsstofa Reykjanes – Markaðsstofur landshlutana, hlutverk og framtíðarsýn.

PHA kynnti vinnu sem fram hefur farið við að móta hlutverk og framtíðarsýn markaðsstofa landshlutanna.

4. Samantekt vegna vinnustofu á vesturströnd USA.

PHA sagði frá vinnustofum sem Markaðsstofa Reykjanes tók þátt í með Íslandsstofu á vesturströnd USA 22.-26. febrúar sl. Alls var fundað með 206 aðilum í ferðinni í fimm borgum, þ.e. Long Beach, Los Angeles, San Francisco, Portland og Seattle.


5. Ímyndarverkefni - staða-

Rætt um stöðuna á ímyndarverkefninu „Við höfum góða sögu að segja“. Unnið er að formlegu samkomulagi milli aðstandenda verkefnisins.

6. Fundur með fyrirtækjum á flugstöðvarvæði – niðurstaða.

BK sagði frá fundi um samgöngumál, húsnæðismál og aðlögun nýrra íbúa með fyrirtækjum á flugstöðvarvæðinu. Samþykkt að óska eftir fundi með forstjóra ISAVIA.

7. Atvinnuleysistölur.



Atvinnuleysistölur - Suðurnes 26.02.2016				
	jan.16	feb.16	kvk.	kk.
Heildarfjöldi:	418	373	200	173
m/lögh. annars starðar.	20	17	6	11
Þar af í hlutastarfi:	22	24	20	4
Án bótaréttar/Stígur	12	9	4	5
Reykjanesbær	279	257	136	121
Sandgerði	46	36	19	17
Garður	29	22	16	6
Vogar	15	17	9	8
Grindavík	26	24	14	10

Alls eru 373 skráðir atvinnulausir þann 26. febrúar 2016 og hefur atvinnuleitendum fækkað um 45 frá síðasta mánuði.

8. Verðlaun ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2016.

Samkvæmt tilnefningum sem stjórn Heklungar hefur borist er samþykkt að veita Ferskum vindum hvatningarverðlaun ferðapjónustunnar og Reyni Sveinssyni þakkarverðlaun ferðapjónustunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.